

BORGARRÁÐ

Ár 2020, laugardaginn 27. júní, var haldinn 5590. fundur borgarráðs. Fundurinn var haldinn í Ráðhúsi Reykjavíkur og hófst kl. 17:04. Viðstödd voru Þórdís Lóa Þórhallsdóttir. Eftirtaldir borgarfulltrúar tóku sæti á fundinum með fjarfundarbúnaði með vísan til heimilda í auglýsingu nr. 230/2020 um ákvörðun samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, skv. VI. bráðabirgðarákvæðis sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011: Heiða Björg Hilmisdóttir, Dóra Björt Guðjónsdóttir, Eyþór Laxdal Arnalds og Hildur Björnsdóttir. Eftirtaldir starfsmenn sátu fundinn: Ívar Vincent Smáráson og Hildur Lilliendahl Viggósdóttir. Fundarritari var Helga Björk Laxdal.

Petta gerðist:

1. Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjórnar, dags. 27. júní 2020, varðandi breytingar á kjörskrá vegna forsetakosninga 2020. R20040070
Samþykkt.

Fundi slitið kl. 17:06